

Námsgrein:

Bekkur: 10

Tíma fjöldi á viku: 4 klst. á viku.

Kennsluaðferðir og skipulag

Leitast er við að hafa kennsluaðferðir sem fjölbreyttastar, þ.e. sjálfstæða vinnu nemenda, innlagnir frá kennara, umræður, hópavinnu, einstaklingsvinnu og framsögn. Nemendur sinna yndislestri jafnt heima og í skóla og skila lestrardagbók á hálfsmánaðar fresti. Unnið er samvæmt aðferðum leiðsagnarmats sem þýðir að nemandinn fær með reglulegum og skipulegum hætti upplýsingar um hvernig hann er staddur í náminu.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Áhersla lögð á mismunandi lestur, t.d. skimun, punktalestur, djúplestur og yndislestur. Einnig lögð áhersla á læsi í gegnum ritun.
Sjálfbærni	Hugtakið skoðað út frá ljóðum og textum. Nemendur virkjaðir í flokkun rusls í kennslustofu.
Heilbrigði og velferð	Áhersla lögð á að nemendur upplifi sig örugga í munnlegri og skriflegri tjáningu.
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur fá val í stærri verkefnaskilum, t.d. um hugarkort, ritgerð eða stuttmynd. Rýnt í bókmenntatexta út frá hugtökunum lýðræði og mannréttindi og mismunandi tímabil sögunnar borin saman. Jafnframt unnið með hugtökin með rökræðum og umræðum frá stjórnarhóli nemenda.
Jafnrétti	Hugað að jafnrétti í hópavinnu og með verkefnum þar sem allir geta notið sín. Hugtakið jafnrétti skoðað í tengslum við ýmiss konar bókmenntatexta.
sköpun	Nemendur hvattir til sköpunar í gegnum ritun, tjáningu og túlkun eigin verka og annarra.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Talað mál, hlustun og áhorf	- Logar - Íslensk kvikmynd - Valdar sögur og ljóð - Efni frá kennara	Að nemandi... - geti flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hafi tileinkað sér viðeigandi talhæða og fas - geri sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og geti nýtt sér leiðbeiningar	Leiðsagnarmat: - frammistaða í kennslustundum - verkefnavinna í tengslum við Loga

	○ Upplestur kennara og nemenda á ýmiss konar textum.	um framsögn, s.s. um áherslu, tónfall og hrynjandi ○ geti tekið virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti og rökstutt þær ○ geti hlustað, tekið eftir og notið myndefnis, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni ○ geti nýtt sér fjölmiðla, s.s. útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni og tekið afstöðu til þess sem þar er birt ○ geti átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.	○ framsaga um yndislestrarbók eða kvikmynd.
Lestur og bókmenntir	○ Logar ○ Yndislestrarbækur ○ Mér er í mun... ○ Englar alheimsins ○ Laxdæla saga ○ Valdar sögur og ljóð	Að nemandi... ○ geti fundið afþreyingarefni við sitt hæfi á heimili, bókasafni og á netinu ○ geti aflað sér heimilda á bókasafni og á tölvutæku formi til frekari úrvinnslu ○ þjálfist markvisst í notkun orðabóka, handbóka og gagnasafna ○ geti lesið á gagnrýninn hátt og myndað sér skoðun á því sem hann hefur lesið ○ geti skynjað boðskap og markmið texta og gert grein fyrir þeim tilfinningum sem texti vekur með honum ○ geti tekið þátt í umræðum um lesna texta ○ geti borið saman mismunandi texta ○ kynnist heimi Íslendingasagna með því að lesa og ræða um Íslendingasögu að hluta eða í fullri lengd	Leiðsagnarmat; ○ lestrardagbók ○ einstaklings- og hópverkefni í tengslum við Engla alheimsins og Laxdæla sögu ○ verkefnavinna í tengslum við Loga

		○ þekki og geti útskýrt mun á mismunandi bókmenntaformi, þ.e. <i>smásögu, skáldsögu, leikriti, heimildasögu, þjóðsögu, ævintýri, þulu, bréfi, dagbók, ljóði, prósaljóði og stöku</i> ○ geri sér grein fyrir hugtökunum laust mál og bundið og muninum á hefðbundnum og óhefðbundnum ljóðum ○ geti fjallað um form og byggingu ljóða og notað til þess hugtökin rím, stuðlar, braglína, hrynjandi og endurtekning ○ kannist við nokkra algenga bragarhætti ○ geti fjallað um skáldsögur og notað til þess hugtökin <i>tími, umhverfi, sjónarhorn, boðskapur, ris, persónusköpun, aðal- og aukapersónur</i> ○ þekki og geti fjallað um mismunandi gerðir myndmáls, s.s. <i>beina mynd, viðlíkingu, persónugervingu og myndhverfingu</i> ○ geti umgengist heimildir á fullnægjandi hátt og gert skýran greinarmun á eigin hugmyndum og annarra í umfjöllun um bókmenntaverk.	
Ritun	○ Logar ○ efni frá kennara	Að nemandi... ○ kannist við gildandi stafsetningarreglur og reglur um greinarmerkjasetningu ○ geti stafsett rétt almennan texta ○ geti nýtt sér hjálpargögn við réttritun ○ geti beitt skipulegum vinnubrögum við ritun og skipað efnisatriðum í röklegt samhengi	Leiðsagnarmat; ○ ýmsir ritunartextar lagðir fyrir og metnir ○ ritgerð um Engla alheimsins ○ annað valið efni.

		○ geti tjáð hugmyndir sínar í rituðu máli og fært rök fyrir þeim ○ geti skrifað mismunandi textagerðir með fjölbreyttum orðaforða og málsniði við hæfi ○ hafi náð tökum á heimildavinnu.	
Málfræði	○ Málið í mark: Óbeygjanleg orð ○ margvíslegt efni frá kennara ○ orðabækur ○ uppflettirit, s.s. Málfinnur, Skrifinnur og Málvísi ○ Snara og önnur leitartæki á netinu.	Að nemandi... ○ geti beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess ○ átti sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og geri sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra ○ þekki helstu hugtök í tengslum við orðmyndun og orðhluta, s.s. <i>stofn, rót, forskeyti, viðskeyti, beygingarending og samsett orð</i> ○ þekki og geti unnið út frá hugtökunum <i>hlutstæður/óhlutstæður, gildishlaðinn/hlutlaus, sértækur/víðtækur</i> ○ geti nýtt sér hjálpargögn við að greina málfræðiupplýsingar ○ geri sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði ○ átti sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun ○ þekki til helstu framburðarmállýskna ○ geri sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli og ábyrgð sinni við að bæta mál sitt.	Leiðsagnarmat: ○ reglulegar kannanir í málfræði og stafsetningu ○ verkefnavinna í kennslustundum og heima.